



LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Reykjavík 3. nóvember 2012.

Allsherjar- og menntamaálanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík.

Tilvísun yðar: Þskj. 174 – 173. mál 140. löggjafarþing.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996.

Almennt:

Landssamband lögreglumanna (LL) vill leyfa sér að vísa til fyrri umsagna sinna vegna frumvarpa til breytinga á lögreglulögum, vegna almennra umsagna um frumvarp þetta dagsettar:

1. 6. maí 2010¹;
2. 25. maí 2011²;
3. 2. ágúst 2012³

Rétt er í þessu sambandi einnig að horfa til umsagnar LL, til utanríkismálanefndar vegna frumvarps til breytinga á varnarmálalögum, dagsett 7. maí 2010⁴.

¹ Umsögn LL um Þskj. 977 – 586. mál, 138. löggjafarþing:
(<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=138&malnr=586&dbnr=2048&nefnd=a>)

² Umsögn LL um Þskj. 1305 – 753. mál, 139. löggjafarþing:
(<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=139&malnr=753&dbnr=2751&nefnd=a>)

³ Umsögn LL um Þskj. 1177 – 739. mál, 140. löggjafarþing:
(<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=140&malnr=739&dbnr=2752&nefnd=am>)

⁴ Umsögn LL um Þskj. 972 – 581. mál, 138. löggjafarþing:
(<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=138&malnr=581&dbnr=2162&nefnd=ut>)

Þrátt fyrir að vísað sé til ofangreindra umsagna, vegna almennrar umsagnar um það frumvarp sem hér er til umfjöllunar telur LL nauðsynlegt, enn og aftur, að vekja sérstaka athygli allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis á ályktunum 30. þings LL sem haldið var að Hótel Geysi í Haukadal dagana 27. og 28. apríl 2010 enda eiga þær velflestar enn við:

„30. þing LL, haldið að Hótel Geysi í Haukadal, 27. og 28. apríl 2010...

...**ítrekar** fyrri kröfur um að Alþingi skilgreini öryggis- og þjónustustig löggæslu, en það er sá grunnur í framtíðarsýn lögreglunnar sem skilgreini mannaflapörf lögreglu, störf hennar og tryggi um leið öryggi lögreglumanna...;⁵

...**krefst** þess að komið verði á þverfaglegri nefnd sem taki ákvarðanir um ráðningar innan lögreglunnar og [að] starfsauglýsingar verði skýrar...;

...**telur** fyrirhugaðar breytingar á lögreglulögum ótímabærar, en ekkert mat liggja fyrir um árangur fyrri breytinga, né opinberar tölur um fyrirhugaðan kostnað eða hagræðingu þeirra vegna. Komi til breytinganna **krefst** þingið þess að starfsöryggi lögreglumanna sé tryggt og aðgátar gætt við tilfærslur manna. Þá er þess **kraftist** að stöður lögreglustjóra verði auglýstar...;

...er **andsnúið** því að Sérsveit og/eða Fjarskiptamiðstöð séu færð frá embætti Ríkislögreglustjóra...;

...**telur brýnt** að jafnræðis gæti um starfsöryggi lögreglumanna. Þingið **telur** það ekki hæft að lögreglumenn starfi einir, hvar sem er á landinu. Þingið **skorar einnig á** Dóms- og mannréttindamálaráðherra að sjá til þess að samræming sé í búnaði og hjálfun lögreglumanna...;

...**telur** þegar of langt gengið hvað varði niðurskurð á fjárveitingum til reksturs lögreglunnar.”⁶

Þá þykir LL rétt að ítreka það sem fram kemur í umsögn þess um frumvarp til breytinga á lögreglulögum, þskj. 1305 – 753. mál, 139. löggjafarþings:

„LL leggur á það áherslu og ítrekar að engar athuganir virðast hafa verið gerðar sem sýna fram á það hvort markmið þeirra skipulagsbreytinga, sem ráðist hefur verið í á stofnanauppbyggingu lögreglunnar, hafi í raun skilað þeim árangri sem að hefur verið stefnt hverju sinni. Þannig liggja ekki fyrir neinar rannsóknir (e. „lessons learned“) á því hvernig til hafi tekist eða hvort markmið hagræðingar, aukinnar gæði þjónustu o.s.frv. hafi skilað sér.”⁷

⁵ Sjá þingsályktun um grundvallarskilgreiningar löggæslu á Íslandi og gerð löggæsluáætlunar fyrir Ísland. (<http://www.althingi.is/altext/140/s/pdf/1648.pdf>)

⁶ Umsögn LL um Þskj. 1305 – 753. mál, 139. löggjafarþing (bls. 2): (<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=139&malnr=753&dbnr=2751&nefnd=a>)

⁷ Umsögn LL um Þskj. 1305 – 753. mál, 139. löggjafarþing (bls. 4):

Að síðustu, í þessum almenna kafla, er rétt einnig að vekja athygli nefndarinnar á því sem fram kemur á bls. 5 í áður tilvitnaðri umsögn LL um þskj. 1305 – 753. mál, 139. löggjafarþings og varðar það ástand sem ríkt hefur í lögreglu mörg undanfarin ár og skapað hefur þá breytingaþreytu, -leiða og -reiði sem er að finna í röðum lögreglumanna:

„Löggæslan í landinu getur ekki búið við endalausan niðurskurð og skipulagsbreytingar ár eftir ár. Slikt er afar slitandi fyrir starfsemi lögreglunnar í heild sinni og sérstaklega fyrir þá sem starfa í lögreglu og kemur niður á afköstum, starfsanda o.fl. þáttum sem aftur hefur neikvæð áhrif á starfsemina í heild sinni. Lögreglumenn, sem og aðrir starfsmenn lögreglustjóra og sýslumanna búa við það og hafa gert í mörg undanfarin ár að vita ekkert um framtíðarsýn stjórnvalda í löggæslumálum. Starfsöryggi er gert ótryggt með yfirlýsingum stjórnvalda um „fækkun yfirmanna“ og einnig fækkun annarra starfsmanna (bæði lögreglumanna væntanlega sem og annars starfsfólks). Ofan í þetta bætist aukin harka í undirheimunum, aukning skipulagðrar glæpastarfsemi og aukin verkefni lögreglu samfara fækkun lögreglumanna með því gríðarlega álagi á þá lögreglumenn sem eftir eru. Allt þetta stuðlar að mögulegri kulnun í starfi, eykur slysaþættu lögreglumanna og grefur undan öryggi lögreglumanna að störfum sem og borgaranna.“⁸

ATHUGASEMDIR VIÐ EINSTAKAR GREINAR FRUMVARPSINS:

1. gr.

Sjá athugasemdir LL um 7. gr. þessa frumvarps.

2. gr.

a.

LL gerir ekki sérstakar athugasemdir við þennan lið.

b.

Hér er lagt til að í stað tveggja aðstoðarríkislögreglustjóra verði einungis heimilt að skipa einn.

(<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=139&malnr=753&dbnr=2751&nefnd=a>)

⁸ Umsögn LL um þskj. 1305 – 753. mál, 139. löggjafarþing (bls. 5 – 6):

(<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=139&malnr=753&dbnr=2751&nefnd=a>)

Undanfarin ár hefur fjárhagsleg staða lögreglunnar verið með þvílíkum eindæmum að ekki hefur verið unnt að skipa í þessar tvær stöður, sem heimild er fyrir sbr. 4. tl. 5. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

Undanfarin ár og reyndar áratugi hefur það verið eitt af markmiðum LL að lögreglumenn, með viðunandi viðbótarmenntun og/eða stjórnunarreynslu eigi þess kost að sækja um æðstu stöður í lögreglu og þ.m.t. stöður lögreglustjóra. Ákveðinn áfangasigur hafði náðst í þessari réttmætu baráttu LL með þeirri vinnu sem fyrrverandi dómsmálaráðherra hafði lagt út í, í byrjun árs 2008, með minnisblaði sínu vegna endurskoðunar lögreglulaga, dags. 4. júlí 2008 (sjá b. lið II kafla, bls. 2 – 3).⁹ Hér hefur gjarnan verið staldrað við þá staðreynd að lögreglustjórar fari með ákærvald og þar með verði sá einstaklingur, sem skipaður er í slíka stöðu, að vera lögfræðimenntaður. Hér gleymist algerlega að horfa til þess fyrirkomulags, sem t.d. er við lýði í Noregi, en það er það sem Björn Bjarnason fyrrverandi dómsmálaráðherra hafði lagt upp með að skoða og vinna út frá og hefur verið eitt af oddabaráttumálum Landssambands lögreglumanna um áraraðir þ.e.a.s. að lögreglumenn með næga reynslu, menntun og færni, geti sótt um og fengið skipun sem aðstoðarlögreglustjórar og einnig lögreglustjórar. Sjá einnig nánar umsagnir LL um 1. og 6 gr. frumvarps til breytinga á lögreglulögum á þskj. 1305 – 753. mál, 139. löggjafarþings¹⁰ sem og um 1. og 6. gr frumvarps til breytinga á lögreglulögum á þskj. 977 – 586. mál, 138. löggjafarþings.¹¹

LL harmar það því að enn sé það lagt til að þrengt sé að möguleikum lögreglumanna til að sækja um og hljóta skipun í æðstu stjórnunarstöður innan lögreglunnar.


3. gr.

LL gerir ekki efnislegar athugasemdir við þá umdæmaskiptingu sem lögð er til í þessari grein frumvarpsins en leggur áherslu á það að ítarlegt samráð verði haft við samband íslenskra sveitarfélaga í þessu sambandi.

⁹ Minnisblað Björns Bjarnasonar, fyrrv. dómsmálaráðherra, um endurskoðun lögreglulaga (<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=138&malnr=586&dbnr=2742&nefnd=a>)

¹⁰ Umsögn LL um þskj. 1305 – 753. mál, 139. löggjafarþing (bls. 17 – 18 og 24 - 26): (<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=139&malnr=753&dbnr=2751&nefnd=a>)

¹¹ Umsögn LL um þskj. 977 – 586. mál, 138. löggjafarþing (bls. 13 – 14 og 23 – 24): (<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=138&malnr=586&dbnr=2048&nefnd=a>)



LL vill einnig og sérstaklega benda á þá staðreynd að það eru fleiri umdæmi lögreglu og staðir á landinu sem hafa algera sérstöðu þegar kemur að t.d. samgöngum og er hér nærtækast að horfa til Vestmannaeyja í þessum efnum. Það má því telja nokkuð öruggt að ekki mun verða einhugur, innan sveitarstjórnarstigsins, um þá tillögu að þeirri umdæmaskiptingu lögreglunnar, sem hér er lögð til.

LL leggur einnig á það sérstaka áherslu að vandað verði til verka þegar kemur að samningu reglugerða er kveða á um starfsstöðvar lögreglu því sú hættu getur óumflýjanlega skapast að löggæslan safnist utan um „höfuðstöðvakjarna“ lögreglunnar í hverju umdæmi fyrir sig, með þeim afleiðingum að hinar dreifðari byggðir landsins njóti lítillar eða jafnvel engrar löggæslu. Hér er nærtækt að horfa til þeirrar staðreyndar að fyrir ekki margt löngu var lögreglustöðinni á Seyðisfirði lokað og því húsnæði, sem áður hýsti lögreglu bæjarins – sem jafnframt er aðalhöfn millilandaferjunnar Norrænu á Íslandi – breytt í vinnubúð!

4. gr.

LL gerir ekki efnislegar athugasemdir við þessa grein frumvarpsins en vill þó leggja sérstaka áherslu á að hin fámennari lögreglulið hafi möguleika á að kalla sér til aðstoðar lögreglumenn annarra lögregluumdæma ef þörf er á vegna stærri rannsókna.

Því ber einnig að fagna að stigið sé það skref að einungis verði starfrækt ein greiningardeild lögreglu (sbr. brottfellingu 5. mgr.) enda ótækt að mati LL að þær upplýsingar, sem slíkri greiningardeild er ætlað að safna saman og vinna úr, séu varslaðar vítt og breitt um landið.

5. gr.

Sjá athugasemdir við 1. sbr. 7. gr. sem og 2. gr. þessa frumvarps.

6. gr.

LL gerir ekki efnislegar athugasemdir við þessa grein frumvarpsins en bendir þó á að gera mætti grein fyrir því hvað verði um fundargerðir þessara samstarfsnefnda þ.e. hversu aðgengilegar þær verði íbúum lögregluumdæmanna og þá með hvaða hætti. Hér mætti

t.d. notast við heimasíðu lögreglunnar sem og heimasíður þeirra sveitarfélaga sem um ræðir.

7. gr.

Varðandi hæfisskilyrði til að gegna stöðum ríkislögreglu-, lögreglu- og aðstoðarlögreglustjóra vísast til umsagnar LL hér að framan um 2. gr. sem og áður tilvitnaðra umsagna LL um þskj. 977 – 586. mál 138. löggjafarþings og þskj. 1305 – 753. mál 139. löggjafarþings, sbr. einnig tilvitnað minnisblað Björns Bjarnasonar, fyrrverandi dómsmálaráðherra, vegna áforma hans um endurskoðun lögreglulaga, dags. 4. júlí 2008.

Eins og fram hefur komið í umsögnum LL um frumvörp til laga um breytingar á lögreglulögum, annarsvegar 6. gr. þskj. 977 – 586. mál 138. löggjafarþings¹² og hinsvegar 6. gr. þskj. 1305 – 753. mál 139. löggjafarþings¹³ þá **leggst LL eindregið og afdráttarlaust gegn því að hróflað verði við núverandi fyrirkomulagi skipana lögreglumanna til starfa. Það eru enda ENGIN efnisleg rök sem stvðja slíkar breytingar.**

Stjórnunarheimildir einstakra forstöðumanna stofnana eru skýrar og klárar í starfsmannalögnum¹⁴, sé á annað borð farið að tilmælum þeirra laga er kemur að úrlausnum mála er varða embættismenn og aðra starfsmenn lögreglu. Það er því engin ástæða til að hrófla við fyrirkomulagi skipana lögreglumanna til starfa frá því sem nú er. Það mætti reyndar færa fyrir því sterkari og mun haldbetri betri rök – m.v. þá framtíðarsýn sem áður hefur birst er kemur að skipulagi löggæslu á Íslandi og miðar að einni lögreglu fyrir allt landið – að færa fyrirkomulagið til þess tíma er allir lögreglumenn, óháð starfsstigi, voru ráðherraskipaðir til starfa og þá á sama tíma að færa

¹² Umsögn LL um þskj. 977 – 586. mál, 138. löggjafarþing (bls. 23 – 24):

(<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=138&malnr=586&dbnr=2048&nefnd=a>)

¹³ Umsögn LL um þskj. 1305 – 753. mál, 139. löggjafarþing (bls. 24 - 26):

(<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=139&malnr=753&dbnr=2751&nefnd=a>)

¹⁴ Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

(<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1996070.html>)

utanumhald um öll starfsmannamál lögreglunnar, launakeyrslu og annað er því viðkemur á eina hendi t.a.m. til embættis ríkislögreglustjóra.

Þá má einnig benda á þá staðreynd að nú nýverið skilaði Umboðsmaður Alþingis frá sér tveimur álitum (mál nr. 6276/2012¹⁵ og 6137/2010¹⁶) er vörðuðu skipanir til starfa í lögreglu þar sem ekki var farið að fyrirmælum starfsmannalaganna. Í öðru málinu (nr. 6276/2012) sá Umboðsmaður Alþingis sig knúinn til að setja fram m.a. eftirfarandi athugasemdir í bréfi sínu til ríkislögreglustjóra:

„Til samræmis við þann tilgang sem býr að baki lagareglunni um auglýsingaskyldu starfa hjá ríkinu tel ég að forstöðumenn ríkisstofnana þurfi að gæta þess sérstaklega við ráðstöfun á embættum og störfum vegna tímabundinna forfalla þeirra, sem þeim gegna, að viðhalda jafnræði þeirra sem vilja koma til greina þegar til þess kemur að ráðið verður, sett eða skipað í starfið eða embætti til lengri tíma. Slíkt verður best gert með því að auglýsa viðkomandi störf, þótt um afleysingar sé að ræða um skemmri tíma.“

Og nokkru síðar í sama bréfi:

„Ég vek einnig athygli á því, og það á ekki bara við í tilviki lögreglunnar, að mér berast iðulega kvartanir og ábendingar um að tiltekinn einstaklingur hafi verið fastráðinn til starfa eða skipaður í embætti hjá ríkinu í kjölfar þess að viðkomandi hafi upphaflega verið ráðinn án auglýsingar til tímabundinna afleysinga eða til starfa í stuttan tíma, og oft hafi tímabundin ráðning viðkomandi verið endurnýjuð oft en einu sinni. Þótt niðurstaða mín sé sú að ekki sé tilefni til þess að taka viðkomandi mál til athugunar þar sem strangt tiltekið verði ekki annað séð en viðkomandi stjórnvald hafi hagað afgreiðslu málsins innan laga og reglna, þá tel ég engu að síður ástæðu til að benda á að breyttir og bættir starfshættir að þessu leyti með því að auglýsa í meira mæli laus störf við afleysingar geta að mínu áliti verið liður í að auka traust á stjórnsýslunni og starfsháttum hennar. Meginagrnýni þeirra sem leita til mín vegna þessara mála er að stjórnvöld hafi með tímabundnum ráðningum án auglýsinga, og oft endurteknum, raskað því jafnræði og mati á hæfni sem lög gera ráð fyrir að byggt sé á við ráðningar í störf hjá hinu opinbera.“

¹⁵ Álit Umboðsmanns Alþingis í máli nr. 6276/2012:

(<http://www.umbodsmadur.is/ViewCase.aspx?Key=1951&skoda=mal>)

¹⁶ Álit Umboðsmanns Alþingis í máli nr. 6137/2010:

(<http://www.umbodsmadur.is/ViewCase.aspx?Key=1950&skoda=mal>)

LL er kunnugt um a.m.k. tuttugu (20) mál, er varða setningar og skipanir til starfa í lögreglu, sem kvartað hefur verið vegna til Umboðsmanns Alþingis. Lista yfir þessi mál er hægt að nálgast í gegnum heimasíðu LL.¹⁷

Af ofangreindu, sem og umfjöllun fjölmiðla um mál er snerta ráðningar, setningar og skipanir til starfa, hvort sem það er innan lögreglu eða annars staðar innan ríkisgeirans, má ljóst vera að þar er víða pottur brotinn og alveg klárt að sú breyting, sem hér er lögð til að gerð verði á formi skipana lögreglumanna til starfa, mun síst til þess fallin að draga úr þeim ágreiningi sem um þessi mál hefur skapast og þaðan af síður úr vinnu Umboðsmanns Alþingis við að vinna úr þeim kvörtunum sem til hans kunna að rata í kjölfarið. Hér er einnig rétt að benda allsherjar- og menntamálanefnd á opinn fund hjá Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þingsins með umboðsmanni Alþingis þann 1. nóvember s.l. (http://www.althingi.is/upptokur/horfa_nefnd_asf.php?faerslunr=6105).

8. gr.

LL gerir ekki athugasemdir við það að skýrt verði kveðið á um heimildir í lögum til handa þeim er fer með skipunarvaldið hverju sinni til að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrá m.l. lögreglu til þess m.a. að kanna hvort viðkomandi umsækjandi, um starf í lögreglu, sé til þess hæfur að hljóta skipun eða setningu til starfa í lögreglu.

LL gerir hinsvegar mjög alvarlegar athugasemdir við að slík skoðun skuli ákveðin með lögum á fimm ára fresti gagnvart starfandi lögreglumönnum hverju sinni. Við framlagningu þessa frumvarps er búið að setja fram ákveðnar skilgreiningar, sem ekki var að finna í fyrri frumvörpum sama efnis (utan frumvarps sem lagt var fram á þingi 2011 – 2012), á því hvað gæti verið talið „*refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningsáliti*“. Það er vel, en LL er engu að síður algerlega mótfallið því að ákvæði sem þetta, þ.e.a.s. að slík skoðun skuli gerð á a.m.k. fimm ára fresti gagnvart starfandi lögreglumönnum, sé sett inn í lögreglulög. Reynslan hefur sýnt það að ekki hafa verið hnökror á því að taka á málum og e.a. víkja lögreglumönnum úr starfi sem einhverra hluta

¹⁷ Listi yfir umkvartanir lögreglumanna til Umboðsmanns Alþingis:
(http://www.lögreglumenn.is/index.php?option=com_content&view=article&id=45&Itemid=54)

vegna hafi framið brot sem þarna er verið að tína til. Það er enda fjallað um meðferð slíkra mála í núgildandi starfsmannalögum sem og lögreglulögum og því óþarfi með öllu að setja inn ákvæði sem þetta sérstaklega í lögreglulög.

Hér er að auki ekkert tekið á því hver eigi að framkvæma þessar skoðanir, með hvaða hætti þær skuli framkvæmdar, hvernig staðið skuli að tilkynningum til lögreglumanna um að slík skoðun á þeim og störfum þeirra sé yfirvofandi né hvernig skuli farið með ef einhverjar þær misfellur kynnu að koma upp er varða það sem greininni er ætlað að taka til. Þá er heldur ekkert að finna um það, í frumvarpinu né greinargerð með því hvernig farið skuli með mál þar sem fram kynnu að koma upplýsingar þess efnis að viðkomandi lögreglumaður kynni að hafa gerst sekur um „*refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningsáliti*“ né stafkrók um tilkynningaskyldu í þeim tilvikum eða andmælarétt viðkomandi lögreglumanns.

Grein þessi kom inn sem nýmæli í frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum sem er að finna á þskj. 1305 – 753. mál á 139. löggjafarþingi en hana var ekki að finna í því frumvarpi sem lagt var fram á þskj. 977 – 586. mál á 138. löggjafarþingi.

LL er með öllu óskiljanlegt hvað innanríkisráðherra gengur til með því að leggja þetta ákvæði fram hér!

LL leggur jafnframt áherslu á umsögn sína um 7. gr. frumvarps til breytingu á lögreglulögum á þskj. 1305 – 753. mál 139. löggjafarþings.¹⁸

Að síðustu leggur LL til að síðasta setning þessarar greinar verði felld brott þar sem greinin getur staðið óbreytt að öðru leyti varðandi bakgrunnsskoðanir nýráðinna í lögreglu.

9. gr.

LL vísar til umsagnar sinnar um 7. gr. þessa frumvarps vegna þess sem hér er lagt til.

10. gr.

LL gerir engar athugasemdir við þessa grein frumvarpsins.

¹⁸ Umsögn LL um þskj. 1305 – 753. mál , 139. löggjafarþing (bls. 26 - 27):
(<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=139&malnr=753&dbnr=2751&nefnd=a>)

11. gr.

LL gerir ekki athugasemdir við þessa grein frumvarpsins sbr. það þó sem að framan greinir við einstaka aðrar greinar þess.

12. gr.

LL gerir engar athugasemdir við þessa grein frumvarpsins.

Önnur atriði:**Verkfallsréttur lögreglumanna:**

LL harmar það að í þessu frumvarpi skuli þess hvergi sjást merki sem var til umræðu milli LL og fjármálaráðherra við úrlausn kjarasamninga LL í kjölfar niðurstöðu gerðardóms í kjaradeilu LL við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs haustið 2011. Í þeim viðræðum kom fram skýr vilji LL til þess að lögreglumenn endurheimtu verkfallsrétt sinn. Í orðum Steingríms J. Sigfússonar, þáverandi fjármálaráðherra, sem einnig sat þennan fund, lá það klárt fyrir að ekkert mál yrði að verða við þessum kröfum LL enda þökkðu fulltrúar LL, á þeim fundi, pent fyrir og lýstu því yfir strax á fundinum að það væri vilji lögreglumanna og þökkðu jafnframt fyrir góðar undirtektir þáverandi fjármálaráðherra við kröfum LL.

Í ljósi þessa krefst LL þess því að 31. gr. núgildandi lögreglulaga verði felld brott og e.a. gerðar breytingar á öðrum lögum er tækju mið af brottfellingu 31. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

Menntunarmál lögreglumanna:

Annað atriði sem rætt var við fjármálaráðherra, í kjölfar niðurstöðu gerðardóms haustið 2011, laut að menntunarmálum lögreglumanna.

Um árábil hefur það verið eitt af meginstefnumálum LL að efla og styrkja menntun lögreglumanna í hvítvetna þ.a. hún verði jafnhæf og helst betri en það sem best gerist hjá



frændþjóðum okkar á Norðurlöndunum sem og öðrum þeim löndum sem við viljum gjarnan miða okkur við hverju sinni. Sem lið í þessu hefur LL lagt á það ríka áherslu að breyting verði gerð á inntökuskilyrðum í Lögregluskóla ríkisins, sem finna má í 38. gr. lögreglulaganna, í þá veru að í stað þess texta sem er að finna í d. lið og varðar menntun á framhaldsskólastigi komi inn ákvæði sem þetta:

„Hafa lokið að lágmarki stúdentsprófi, þ.e. 140 einingum, eða öðru sambærilegu námi með fullnægjandi árangri eða starfsþjálfun sem jafna má til slíks náms.“

Þess skal getið hér sérstaklega að þann 13. janúar 2012 var gerð breyting á reglugerð nr. 48/2010 um Tollskóla ríkisins og ráðningu, setningu og skipun í störf við tollendurskoðun og tollgæslu, með reglugerð nr. 007/2012.¹⁹ Breyting reglugerðar nr. 48/2010 er svohljóðandi:

„1. tl. 1. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

1. Hafa lokið að lágmarki stúdentsprófi, þ.e. 140 einingum, eða öðru sambærilegu námi með fullnægjandi árangri eða starfsþjálfun sem jafna má til slíks náms.“

Þá er það einnig skilyrði fyrir ráðningu í starf í slökkviliði að viðkomandi umsækjandi hafi iðnmenntun eða stúdentspróf.


Að mati LL er því ekkert sem mælir gegn því að breytingar verði gerðar strax á ákvæðum d. liðar 38. gr. lögreglulaga í þá veru sem hér er lagt til og beinlínis gerð um það krafa af hálfu LL. Það er enda ljóst að enginn kostnaður mun fylgja slíkri breytingu.

Landssamband lögreglumanna áskilur sér allan rétt til að koma frekari athugasemdum og ábendingum að á síðari stigum málsins. Þá leggur LL áherslu á það að fá að koma fyrir Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis til að gera frekari grein fyrir sjónarmiðum Landssambandsins og svara þeim spurningum sem nefndarmenn kynnu að vilja bera upp.

¹⁹ Reglugerð nr. 007/2012 um breytingu á reglugerð nr. 48/2010 Tollskóla ríkisins og ráðningu, setningu og skipun í störf við tollendurskoðun og tollgæslu (<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/kev2/6D19CDF99B648D1100257996000616F6?OpenDocument>)

Að síðustu vill LL, enn og aftur, gera sérstakar athugasemdir við það hversu skammur tími er gefinn til athugasemda við framlögð lagafrumvörp sem lögð hafa verið fyrir Alþingi.

F.h. Landssambands lögreglumanna



Snorri Magnússon

Formaður